

## 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með kaupum á verðtrygðum verðbréfum eða á annan sambærilegan hátt, enda séu slík bréf trygð með ríkisábyrgð, bankaábyrgð eða öruggu fasteignaveði. Höfuðstól sjóðsins, að meðtöldum verðbótum og framlögum í hann, má ekki skerða.

Vöxtum af höfuðstól má úthluta í styrki samkvæmt 2. gr. þegar stjórn sjóðsins ákveður.

## 4. gr.

Stjórn Hjúkrunarfélags Íslands skal skipa þriggja manna stjórn, þ.e. formann og tvo meðstjórnendur til fjögurra ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum Hjúkrunarfélags Íslands.

Verði Hjúkrunarfélag Íslands og félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga sameinuð í eitt félag, skal stjórn þess félags koma í stað stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd styrkveitinga og reikningshald sjóðsins. Haldin skal gerðabók um störf stjórnarinnar.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir stjórn Hjúkrunarfélags Íslands.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

### um breyting á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, með síðari breytingum.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 2. gr. 1. tölul. laga nr. 35 1970, um skipan prestakalla o. fl. og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, eru eftirfarandi breytingar gerðar á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963 og síðari breytingum nr. 189/1967, 71/1968, 143/1971, 74/972, 234/1973, 57/1975 og 285/1980.

Á eftir 22. tölulið (Seljaprestakall) komi tveir nýir liðir er orðist svo:

#### 23. Hólabrekkuprestakall:

Hólabrekkusókn. Sóknin takmarkast af Elliðaám að norðan og austan, en að vestan og sunnan gagnvart Breiðholtsprestakalli og Fellaprestakalli liggja mörkin þannig: Eftir Höfðabakka vestan og sunnan Vesturhóla og Suðurhóla að Austurbergi, vestan Austurbergs á móts við Gerðuberg, norðan Gerðubergs og sunnan Hólabergs að Elliðaám.

Öll hús við Vesturhóla, Suðurhóla og Gerðuberg tilheyra Hólabrekkusókn, svo og hús við Austurberg, nema nr. 1 til 3 að vestan og 2 til 20 að austan er tilheyra Fellasókn.

#### 24. Hjallaprestakall:

Hjallasókn. Sóknin nær yfir Kópavogskaupstað austan eftirtalinnar markalínu: Frá bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur, austan Furugrundar, yfir Nýbýlaveg (milli húsa

nr. 78 og 80), austan Túnbrekku, norðan Lundarbrekku, austan Selbrekku og vestan Fögrubrekku, yfir Álfhólsveg (hús nr. 113 og lægri að norðanverðu og hús nr. 98 og lægri að sunnanverðu tilheyri áfram Digranessókn), austan Skálaheiðar og þaðan beina stefnu í Kópavogslæk eftir línu, sem hugsast dregin samsíða Skálaheiði og þaðan eftir Kópavogslæk.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa. Sóknargjöld 1987 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. maí 1987.*

**Jón Helgason.**

*Þorleifur Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslu læknishjálpar við glasafrjóvgun erlendis.

#### 1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða skv. samningi kostnað vegna glasafrjóvgunar íslenskra kvenna erlendis með sama hætti og segir í 4. mgr. 42. greinar laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

#### 2. gr.

Glasafrjóvgun skv. reglugerð þessari varðar þau tilvik, þar sem egg konu er unnt að tæknifrjónga með sæði manns hennar, en læknisfræðilegar ástæður hamla frjóvgun með venjulegum hætti.

#### 3. gr.

Heimilt er sjúkratryggingadeild að greiða eftir þessum reglum kostnað, sem til hefur verið stofnað eftir 1. júní 1986 vegna slíkrar læknisþjónustu erlendis.

#### 4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal gera samning við erlenda stofnun, sem að mati siglinganefndar skv. 42. gr., er fær um að veita þessa læknisþjónustu, þar til fullnægjandi aðstaða verður sköpuð til þess hér á landi.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 42. og 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. maí 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*